

## FUNDARGERÐ

Árið 2022, miðvikudaginn 27. apríl kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar að Sölvhólsstötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinsyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafncatli Hjörleifssyni og Óskari Helga Þorleifssyni sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir 2. lið var Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur í innviðaráðuneytinu.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir síðustu funda

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 25. mars 2022.

*Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Stefnuþótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur í innviðaráðuneytinu, flutti kynningu um stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga.

### 3. Sameiningar sveitarfélaga

Lögð var fram til kynningar áætlun um framlög vegna sameininga sveitarfélaga árin 2022–2028. Alls er áætlað að framlög vegna sameininga nemi 893 m.kr. árið 2022 þar af 313 m.kr. vegna sameininga 2018–2020 og 580 m.kr. vegna nýlegra sameininga. Samtals er gert ráð fyrir að framlög vegna þeirra sameininga sem taka gildi á árinu 2022 muni nema 2.899 m.kr. á tímabilinu 2022–2028.

Ákvað ráðgjafarnefnd að leggja fram eftirfarandi bókun:

*Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga leggur áherslu á mikilvægi þess að sérstök fjárframlög komi til sjóðsins frá ríkinu vegna fjárstuðnings Jöfnunarsjóðs við sameiningar. Vakinn er athygli á því að ella skerðast önnur framlög Jöfnunarsjóðs sem nemur fjárhæð framlaga vegna sameininga. Fyrirséð er að fjárstuðningur vegna sameininga muni nema slíkum fjárhæðum á næstu árum að nauðsynlegt er að til komi aukin fjárframlög úr ríkissjóði vegna þessa.*

## YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

### 4. Íslenska sem annað tungumál – ÍSAT

Lögð var fram endurskoðuð áætlun um framlög vegna íslensku sem annars tungumáls á árinu 2022, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs. Í heildina er greitt með 3.588 nemendum í 51

sveitarfélagi. Alls fjölgar nemendum um 16 milli átlanana og um 420 nemendur frá endanegri áætlun 2021. Grunnfjárhæð framlaga per nemenda var síðast hækkuð árið 2020 úr 130 þús. kr. í 150 þús. kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að hækka grunnfjárhæðina um 10 þúsund krónur á nemanda og gera að tillögu sinni að samþykkja áætlun sem grundvallast á grunnfjárhæðinni 160 þús. kr. á nemanda.*

## YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

### 5. Kostnaðarauki vegna þjónustu við fatlað fólk

Lagðar voru fram til kynningar valdar töflur og myndir úr væntanlegri skýrslu um útgjalda- og tekjuþróun í málaflokki fatlaðs fólks. Skýrslan er unnin af HLH ráðgjöf og er útgáfa hennar væntanleg á vegum félagsmálaráðuneytis.

### 6. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra - Reykjadalur

Lagt var fram erindi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna beiðni um endurskoðun á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til starfsemi Reykjadals vegna hækkunar á launakostnaði á árinu 2022.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja framlag á grundvelli samkomulags í kjölfar yfirfærslu að fjárhæð 82,9 m.kr sem er hækkun um 9,8% frá árinu 2021. Jafnframt var samþykkt framlag á grundvelli verkaskiptasamnings vegna tónlistarfræðslu að fjárhæð 39,2 m.kr. sem er hækkun um 12,9% frá fyrra ári.*

### 7. Nýliðun ársins 2021

Lagt var fram yfirlit yfir nýliðun þjónustuþega í almennum framlögum vegna fatlaðs fólks á árinu 2021. Alls bættust við 158 frá 1. áætlun 2021 til endanlegrar áætlunar.

### 8. NPA framlög 2021 – framlög vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs um NPA framlög 2021 vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks. Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð greiðir Jöfnunarsjóður á grundvelli umsókna framlög til að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks.

Skv. reglugerðinni er gert ráð fyrir að þjónustusvæði reikni 1% til viðbótar ofan á heildarsamningsfjárhæðina sem lagt er inn í Jöfnunarsjóð til að standa straum af kostnaði vegna langtímaveikinda. Kostnaðarþáttaka ríkisins er sú sama og í NPA samningunum sjálfum eða 25%. Líkt og árin 2019 og 2020 hefur aðeins ríkislutinn verið fjármagnaður og lagður inn í Jöfnunarsjóð. Fjármagn til ráðstöfunar er því 6,9 m.kr.

Alls sóttu 3 sveitarfélög um framlög samtals að fjárhæð 7,6 m.kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað ráðgjafarnefnd að samþykkja tillögu um framlög sem byggðust á hlutfallslegri skerðingu umsóknarfjárhæða miðað við fjármagn til ráðstöfunar.*

## 9. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs – umsóknir

### **Hafnarfjarðarkaupstaður**

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Hafnarfjarðarkaupstaðar þar sem sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag til kaupa og uppsetningar á rampi í Tónkvísl, sem tilheyrir Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er 5,7 m.kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Hafnarfjarðarkaupstaðar geti numið 22.450.281 kr. Áður hafa verið samþykkt framlög til Hafnarfjarðarkaupstaðar til úrbóta á aðgengismálum samtals að fjárhæð 20.179.800 kr. Eftir standa því 2.270.481 kr. af fjárhæðinni sem eyrnamerkt var Hafnarfjarðarkaupstaði.

*Að lokinni umfjöllun ákvað ráðgjafarnefnd að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 2.270.481 kr.*

### **Akraneskaupstaður**

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Akraneskaupstaðar þar sem sótt er um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag vegna framkvæmda í Tónlistarskólanum á Akranesi sem eru miðuð að því að aðgengi fatlaðs fólks að sviði í tónlistarsal hússins væri óhindrað en þó þannig að hljómgæði salarins yrðu þau sömu og áður.

Framkvæmdum er lokið og nam heildarkostnaður 12.794.184 kr. Miðað við 50% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs næmi framlag 6.397.092 kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað ráðgjafarnefnd að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 6,4 m.kr.*

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Daníel Jakbsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson